

Norðurþing

Ársreikningur

2017

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 640169-5599

Norðurþing

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar uppl.	24

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Norðurlþings er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 4.466 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.388 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 3.302 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 2.850 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 361 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 54 milljónum króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 236 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 74 milljón króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.386 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta um 153 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 2.356 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 268 stöðugildum.

Íbúafjöldi Norðurlþings í árslok 2017 var 3.234 og fjölgaði um 234 frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi.

Ársreikningur Norðurlþings fyrir árið 2017 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Húsavík, 24. apríl 2018

Sveitarstjóri:




Byggðarráð:



Sveitarstjórn Norðurlþings staðfestir hér með ársreikning Norðurlþings fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Húsavík, 15/5 2018

Sveitarstjórn:



Áritun óháðra endurskoðenda

Til sveitarstjórnar Norðurbings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurbings fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Norðurbings á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Norðurbingi í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar í endurskoðunarvinnu okkar.

Aðrar upplýsingar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnaðs sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnaðs á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstaður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstaður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.


• Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Húsavík, 15. maí 2018.

Deloitte ehf.


Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi


Ragnar Jóhann Jónsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2017	Áætlun	2016	2017	Áætlun	2016
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	1.939.923	1.786.208	1.672.584	1.927.943	1.767.027	1.660.146
Framlög jöfnunarsjóðs	664.327	528.722	639.246	664.327	528.722	639.246
Aðrar tekjur	697.296	535.519	623.594	1.873.473	1.092.082	1.667.482
3	3.301.546	2.850.449	2.935.425	4.465.744	3.387.831	3.966.874
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4 (2.083.731)	(1.769.926)	(1.850.794)	(2.356.323)	(1.845.547)	(2.168.070)
Annar rekstrarkostnaður	(878.752)	(880.710)	(889.071)	(1.298.175)	(1.028.536)	(1.260.149)
	(2.962.483)	(2.650.636)	(2.739.865)	(3.654.498)	(2.874.083)	(3.428.219)
Rekstrarn. fyrir afskriftir						
Afskriftir	7 339.063	199.813	195.560	811.246	513.748	538.655
	(61.701)	(76.832)	(62.889)	(257.520)	(280.358)	(230.157)
Rekstrarniðurst. án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda						
Fjármunat. og fjármagnsgjöld ..	5 277.362	122.981	132.671	553.726	233.390	308.498
	(40.939)	(48.783)	(32.785)	(170.949)	(158.171)	5.970
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta						
Tekjuskattur	236.423	74.198	99.885	382.777	75.219	314.468
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	(14.202)	(30.009)	(37.891)
	0	0	0	(7.590)	9.000	5.294
Rekstrarniðurstaða ársins						
	236.423	74.198	99.885	360.985	54.210	281.871

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir					
Fasteignir og lóðir	7	2.723.157	2.197.836	3.501.510	3.131.413
Veitukerfi og hafnarmannvirki	7	0	0	2.663.040	2.297.014
Aðrar eignir	7	183.573	143.668	204.581	163.093
Leigðar eignir	7	27.496	28.331	27.496	28.331
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	364.226	398.348	321.485	327.932
Reiknuð skattinneign		0	0	63.572	60.978
Langtímakröfur	9	315.947	665.581	11.719	14.426
		<u>3.614.398</u>	<u>3.433.765</u>	<u>6.793.403</u>	<u>6.023.187</u>
Veltufjármunir					
Birgðir		24	146	983	1.463
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	11	379.284	224.185	476.598	292.454
Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum	9	2.437	2.279	1.585	1.523
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		91.893	92.457	0	0
Aðrar skammtímakröfur		210.386	192.753	265.308	272.999
Markaðsverðbréf		0	0	224.131	830.951
Handbært fé		375.105	193.542	614.160	339.051
		<u>1.059.129</u>	<u>705.362</u>	<u>1.582.766</u>	<u>1.738.441</u>
Eignir		<u>4.673.527</u>	<u>4.139.127</u>	<u>8.376.168</u>	<u>7.761.628</u>

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Eigið fé	12				
Eiginfjárreikningur		152.759	(416.997)	1.404.233	715.831
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	(18.324)	(32.239)
Eigið fé, (neikvætt)		152.759	(416.997)	1.385.908	683.591
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	13	1.937.400	1.838.673	2.031.445	1.986.088
Skuldir við lánastofnanir	14	1.728.464	1.862.743	2.782.849	3.284.314
Aðrar langtímaskuldir	14	0	0	1.075.960	867.243
Leiguskuldir	15	17.865	20.994	17.865	20.994
		3.683.729	3.722.411	5.908.120	6.158.639
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		228.300	136.098	305.669	203.474
Skuldir við lánastofnanir		0	37.308	0	37.308
Skuldir við eigin fyrirtæki		15.554	134.896	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	161.702	151.910	217.410	194.624
Næsta árs afborganir leiguskulda	15	3.493	3.215	3.493	3.215
Næsta árs afb lífeyrisskuldbinding	13	66.006	55.661	74.335	68.845
Aðrar skammtímaskuldir		361.983	314.625	481.232	411.931
		837.039	833.712	1.082.140	919.398
Skuldir		4.520.768	4.556.123	6.990.260	7.078.037
Eigið fé og skuldir		4.673.527	4.139.127	8.376.168	7.761.628

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

		Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Skýr.	2017	Áætlun	2016	2017	Áætlun	2016
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða ársins		236.423	74.198	99.885	360.985	54.211	281.871
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir og virðisrýrnun	7	61.701	76.832	62.889	257.520	280.358	230.157
Hagnaður af sölu eigna		(33.305)	0	(778)	(122.804)	(509)	(41.677)
Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum		3.929	0	9.268	2.248	0	17.803
Verðb. og gengism. langtímalíða		63.916	34.495	62.722	59.333	56.911	(54.869)
Hlutdeild minnihluta		0	0	0	7.590	3.631	(5.294)
Skatteign, breyting		0	0	0	(2.594)	0	(16.147)
Hækkun skuldbindinga		309.160	85.000	227.802	265.746	85.000	244.147
Veltufé frá rekstri		641.824	270.525	461.790	828.023	479.602	655.991
Br. á rekstartengdum eignum		(121.200)	0	(45.970)	(110.545)	(38.117)	(81.962)
Br. á rekstartengdum skuldum		97.404	0	(63.177)	141.509	0	(84.615)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga		(89.088)	0	(72.121)	(103.898)	0	(84.655)
Handbært fé frá rekstri		528.941	270.525	280.522	755.089	441.485	404.758
Fjárfestingahreyfingar							
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.		(211.466)	(511.458)	(165.654)	(743.351)	(970.013)	(798.947)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		43.593	100.000	0	168.193	107.000	57.700
Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum		0	0	0	(9.231)	0	(2.439)
Markaðsverðbréf		0	0	0	620.028	0	(800.000)
Langtímakröfur, breyting		0	2.163	0	3.723	0	26.500
		(167.873)	(409.295)	(165.654)	39.361	(863.013)	(1.517.186)
Fjármögnunarhreyfingar							
Tekin ný langtímalán		0	250.000	69.172	487.859	445.000	476.569
Afborganir langtímalána		(194.731)	(179.769)	(211.131)	(897.931)	(229.687)	(279.237)
Innborganir frá eignaraðilum		0	0	0	7.089	8.000	12.133
Skammtímalán, breyting		(37.308)	(55.000)	37.308	(44.513)	(25.000)	16.100
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting		124.379	2.662	(8.592)	0	0	0
Fyrirfram innh. tekjur breyting		(71.844)	0	(75.774)	(71.844)	0	(75.774)
Framlög frá eigin fyrirtækjum		0	0	0	0	(20.000)	0
		(179.504)	17.893	(189.017)	(519.341)	178.313	149.791
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		181.564	(120.877)	(74.148)	275.109	(243.215)	(962.636)
Handbært fé í upphafi árs		193.542	129.686	267.690	339.051	1.247.043	1.301.688
Handbært fé í lok árs		375.105	8.809	193.542	614.160	1.003.828	339.051

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í lok árs 2017 voru íbúar sveitarfélagsins 3.234.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Félagslegar íbúðir, Hafnasjóður, Orkuveita Húsavíkur ohf., Dvalarheimili aldraðra sf., Leigufélagið Hvammur ehf. og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2017 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2017 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 19 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við svitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði hafa verið endurmetnar.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðsvöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur hjá Eignasjóði eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi hærri verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2017. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	1.697.322	1.586.223	1.697.322	1.586.223
Fasteignaskattur og lóðarleiga.....	242.602	199.985	230.621	180.804
	<u>1.939.923</u>	<u>1.786.208</u>	<u>1.927.943</u>	<u>1.767.027</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Framlag vegna fasteignagjalda.....	190.391	170.460	190.391	170.460
Útgjaldajöfnunarframlag.....	391.964	289.938	391.964	289.938
Framlög vegna grunnskóla.....	53.670	53.474	53.670	53.474
Önnur framlög.....	28.302	14.850	28.302	14.850
	<u>664.327</u>	<u>528.722</u>	<u>664.327</u>	<u>528.722</u>
Aðrar tekjur.....	697.296	535.519	1.873.473	1.092.082
Rekstrartekjur samtals.....	<u>3.301.546</u>	<u>2.850.449</u>	<u>4.465.744</u>	<u>3.387.831</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,58%		
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði		1,65%		

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Laun.....	1.438.384	1.342.358	1.692.400	1.403.611
Launatengd gjöld.....	336.187	277.568	394.144	291.936
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	198.160	150.000	154.745	150.000
Framlag vegna Brú lífeyrissjóður.....	111.001	0	115.033	0
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>2.083.731</u>	<u>1.769.926</u>	<u>2.356.323</u>	<u>1.845.547</u>
Stöðugildi að meðaltali 2017.....	226		268	

Laun sveitastjórnar og sveitastjóra námu 34,3 milljónum króna á árinu 2017.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Vaxtatekjur og verðbætur	7.692	15.214	34.574	0
Arður af eignarhlutum	109.134	80.000	9.134	43.200
Aðrar vaxtatekjur	6.580	0	23	0
Vaxtagjöld	(113.764)	(93.737)	(170.083)	(144.526)
Verðbætur og gengismunur	(30.443)	(50.260)	(44.394)	(56.845)
Niðurfærsla hlutabréfaeignar	(20.138)	0	(202)	0
	<u>(40.939)</u>	<u>(48.783)</u>	<u>(170.949)</u>	<u>(158.171)</u>

Skýringar

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....		2.648.272	2.648.272	2.352.930
Félagsþjónusta.....	414.946	243.245	(171.701)	(179.802)
Heilbrigðismál.....	125	0	(125)	(320)
Fræðslumál.....	1.161.003	121.208	(1.039.795)	(996.482)
Menningarmál.....	51.054	1.016	(50.038)	(47.595)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	258.445	52.949	(205.496)	(200.163)
Brunamál og almannavarnir.....	59.668	13.672	(45.996)	(44.562)
Hreinlætismál.....	63.994	68.471	4.478	1.080
Skipulags- og byggingarmál.....	43.742	4.838	(38.904)	(38.764)
Samgöngumál.....	127.181	0	(127.181)	(123.075)
Umhverfismál.....	84.352	3.789	(80.563)	(73.778)
Atvinnumál.....	45.476	13.943	(31.533)	(34.175)
Sameiginlegur kostnaður.....	317.429	65.951	(251.478)	(272.289)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	309.160	0	(309.160)	(150.000)
Sérstök framlög til Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar.....	76.000	0	(76.000)	(76.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	101.095	214.558	113.463	50.890
Aðalsjóður samtals.....	3.113.670	3.451.913	338.242	167.895
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður	353.442	297.141	(56.300)	(77.539)
Þjónustumiðstöð.....	201.865	156.346	(45.519)	(16.158)
Innri færslur A hluta.....	(389.295)	(389.295)	0	0
A hluti samtals.....	3.279.681	3.516.105	236.423	74.198
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta fyrirtæki:				
Félagslegar íbúðir.....	73.822	147.670	73.847	(1.133)
Hafnasjóður Norðurbings.....	181.622	260.546	78.924	(27.848)
Orkuveita Húsavíkur ohf.....	302.170	422.902	120.732	120.034
Sorpsamlag Þingeyinga ehf.....	0	0	0	(4.550)
Fjárfestingafélag Norðurbings ehf.....	18.219	0	(18.219)	0
Leigufélagið Hvammur ehf.....	24.163	18.330	(5.833)	(10.928)
Dvalarheimili aldraðra sf.....	505.575	480.550	(25.025)	(33.931)
Innri færslur A og B hluta.....	(65.935)	(165.799)	(99.864)	(61.632)
A og B hluti samtals.....	4.319.317	4.680.302	360.985	54.210

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	3.137.128	0	465.911	33.413	3.636.451
Endurflokkun fastafjármuna	33.241	0	(33.241)	0	0
Endurmat á lóðum og lendum	333.333	0	0	0	333.333
Eignfært á árinu	211.116	0	88.929	0	300.046
Selt og aflagt á árinu	(5.141)	0	(3.593)	0	(8.734)
Staða í árslok	3.709.677	0	518.006	33.413	4.261.096
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	939.291	0	322.242	5.082	1.266.615
Afskrift ársins	48.675	0	12.191	835	61.701
Selt og aflagt á árinu	(1.446)	0	0	0	(1.446)
Staða í árslok	986.520	0	334.433	5.917	1.326.870
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	2.197.836	0	143.668	28.331	2.369.836
Bókfært verð í árslok	2.723.157	0	183.573	27.496	2.934.226
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	1-10%	10-20%	2,5%	

A og B hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi, og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	4.800.731	5.459.999	547.525	33.413	10.841.668
Endurflokkun fastafjármuna	33.241	0	(33.241)	0	0
Endurmat á lóðum og lendum	333.333	0	0	0	333.333
Eignfært á árinu	127.073	533.578	93.387	0	754.038
Selt og aflagt á árinu	(85.406)	(66.463)	(4.142)	0	(156.011)
Staða í árslok	5.208.971	5.927.115	603.529	33.413	11.773.028
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	1.669.318	3.162.985	384.432	5.082	5.221.817
Afskrift ársins	82.516	159.119	15.050	835	257.520
Selt og aflagt á árinu	(44.372)	(58.029)	(534)	0	(102.935)
Staða í árslok	1.707.461	3.264.075	398.948	5.917	5.376.402
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	3.131.413	2.297.014	163.093	28.331	5.619.851
Bókfært verð í árslok	3.501.510	2.663.040	204.581	27.496	6.396.627
Afskriftarhlutföll	2-4%	1-10%	10-20%	2,5%	

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir ársins greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	61.701	257.520
	61.701	257.520

Fasteignamat og brunabótamat fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

A hluti	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Skólahúsnaði	1.175.013	4.850.729
Íþróttahús og sundlaugar	469.167	1.824.795
Þjónustuhúsnaði	379.353	1.311.727
Aðrar fasteignir	610.410	2.601.532
Lóðir og lendur	351.710	267.353
	2.985.653	10.856.136

B hluti	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Félagslegar íbúðir	444.644	1.097.000
Orkuveita Húsavíkur	132.144	405.220
Dvalarheimili aldraðra	638.769	2.111.450
Leigufélagið Hvammur	153.700	309.230
Aðrar fasteignir B hluta	81.697	270.419
	1.450.954	4.193.319
Samtals A og B hluti	4.436.607	15.049.456

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

Stjórnsýsluhús	71.323
Skólar	328.973
Íþróttahöll og sundlaug	44.979
Bókasafn	59.114
Félagsheimili	35.661
Tjaldsvæði	3.401
Þjónustumiðstöð	97.035
Hafnasjóður	10.391
Orkuveita Húsavíkur	330.906
	981.783

Skýringar

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutur	A hluti	A og B hluti
	Kostnaðarverð	
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	47,20%	7.936
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.	15,44%	0
Greið leið ehf.	3,95%	0
Íslensk orka hf.	31,45%	0
Hrafnabjargavirkjun hf.	48,75%	0
Garðarsstofa ehf.	100,00%	500
Hitaveita Öxafjarðar hf.	52,67%	0
Rífós hf.	4,38%	0
Seljalax hf.	26,08%	0
Fjallalamb hf.	17,00%	0
Landskerfi bókasafna ehf.	13,00%	94
Silfurstjarnan hf.	1,50%	0
Síldarvinnslan hf.	0,00%	0
Orkuveita Húsavíkur ehf.	100,00%	85.349
Fjárfestingafélag Norðurljósa	100,00%	105.628
Leigufélag Hvamms ehf.	76,29%	102.621
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	2,22%	196.845
Skúlagarður-fasteignafélag ehf.	48,50%	23.007
Sjóbböð ehf.	13,78%	0
Mýsköpun ehf.	5,00%	0
Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf.	10,03%	800
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	3,34%	0
		522.780
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		(158.555)
		364.226

9. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	2.437	1.585
Afborganir 2019	2.520	1.585
Afborganir 2020	2.623	1.585
Afborganir 2021	2.730	1.585
Afborganir 2022	2.841	1.585
Afborganir síðar	305.232	5.378
	318.384	13.304
Næsta árs afborganir.....	(2.437)	(1.585)
	315.947	11.719

Skýringar

10. Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign skiptist þannig:	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	51.162
Lífeyrisskuldbinding	19.343
Viðskiptakröfur	396
Aðrir liðir	(7.329)
	<u>63.572</u>

11. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Staða í ársbyrjun	37.435	45.066	43.935	52.755
Tapaðar kröfur á árinu	0	0	0	(1.890)
Breyting niðurfærsla á árinu	1.659	(7.630)	659	(6.930)
Staða í árslok	<u>39.094</u>	<u>37.435</u>	<u>44.594</u>	<u>43.935</u>

12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2017.....	(416.997)	683.591
Endurmat lóða og lendna.....	333.333	333.333
Aðrar breytingar.....	0	8.000
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>236.423</u>	<u>360.985</u>
Eigið fé 31.12.2017.....	<u>152.759</u>	<u>1.385.908</u>

13. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar námu skuldbindingar A hluta 2.003 millj. kr. og A og B hluta 2.106 millj. kr. í árslok 2017 miðað við 2,0% ársvexti umfram hækkunir á lífeyrisréttindum. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2017.....	1.894.334	2.054.933
Greitt á árinu.....	(89.088)	(103.898)
Gjaldfært á árinu.....	<u>198.160</u>	<u>154.745</u>
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2017.....	<u>2.003.406</u>	<u>2.105.781</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2018 - 2032.....	1.206.781	1.276.570
Síðar.....	<u>796.625</u>	<u>829.210</u>
	<u>2.003.406</u>	<u>2.105.781</u>

Í byrjun árs 2018 var skrifað undir samkomulag um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga Norðurlþings hjá Brú. Í tengslum við samkomulagið hafa verið gjaldfærðar 115,0 milljónir króna á árinu 2017 í A og B hluta sem breyting á lífeyrisskuldbindingum. Nánar er gerð grein fyrir samkomulaginu við Brú í skýringu nr. 20 um ábyrgðir og önnur mál.

Skýringar

14. Langtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Skuldir í CHF	34.789	41.984	34.789	41.984
Skuldir í EUR	42.636	40.623	125.400	597.320
Skuldir í JPY	14.676	17.665	14.676	17.665
Skuldir í USD	0	0	0	133.050
Skuldir í ISK	1.798.064	1.914.380	3.901.354	3.556.161
	1.890.166	2.014.653	4.076.219	4.346.181
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(161.702)	(151.910)	(217.410)	(194.624)
Langtímaskuldir í árslok	1.728.464	1.862.743	3.858.809	4.151.557

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	161.702	217.410
Afborganir 2019	159.688	207.075
Afborganir 2020	179.161	296.101
Afborganir 2021	145.361	187.341
Afborganir 2022	129.528	171.568
Afborganir síðar	1.114.725	2.996.723
	1.890.166	4.076.219

15. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert leigusamning um fasteign sem færður er til skuldar. Leigusamningurinn er tengdur vísitölu neysluverðs og greinist þannig:

Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun.....	21.358
Næsta árs afborgun.....	(3.493)
Langtímahluti leiguskuldar.....	17.865

Aðrar upplýsingar um leigusamning:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Ónúvirt leigufjárhæð
Leikskóli Íðavöllum 1, leikskólaeiningar.....	2010-2023	4,7%	24.821
			24.821

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

Næsta árs greiðsla.....	4.684
Árið 2019.....	4.684
Árið 2020.....	4.684
Árið 2021.....	4.684
Árið 2022.....	4.684
Síðar.....	1.403
	24.821

Skýringar

16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður	100%	4.753.253	3.704.447	1.048.806
Eignasjóður	100%	2.909.714	3.688.165	(778.451)
Þjónustumiðstöðstöð	100%	24.536	142.132	(117.596)
Innri færslur A hluta	100%	(3.013.976)	(3.013.976)	0
A hluti samtals		4.673.527	4.520.768	152.759
Fjárfestingafélag Norðurþings	100%	57.506	0	57.506
Félagslegar íbúðir	100%	169.686	451.740	(282.053)
Hafnasjóður	100%	1.362.527	1.710.927	(348.400)
Orkuveita Húsavíkur	100%	2.094.924	238.884	1.856.040
Leigufélag Hvamms ehf.	76,3%	133.617	168.640	(35.023)
Dvalarheimili aldraðra sf.	70,3%	348.315	365.924	(17.609)
Innri færslur A og B hluta		(652.616)	(673.629)	21.013
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		8.187.487	6.783.255	1.404.233
Hlutdeild minnihlutaeigenda		188.681	207.005	(18.324)
Heildarstaða eigna og skulda í árslok		8.376.168	6.990.260	1.385.908

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar

18. Yfirlit um lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Skatttekjur	58,8%	62,7%	43,2%	52,2%
Framlög jöfnunarsjóðs	20,1%	18,5%	14,9%	15,6%
Aðrar tekjur	21,1%	18,8%	42,0%	32,2%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Laun og launatengd gjöld.....	63,1%	62,1%	52,8%	54,5%
Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga.....	57,1%	56,8%	49,3%	50,0%
Annar rekstrarkostnaður.....	26,6%	30,9%	29,1%	30,4%
Fjármagnsliðir, nettó.....	1,2%	1,7%	3,8%	4,7%
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	91,0%	94,7%	85,7%	89,5%
Rekstrarniðurstaða.....	7,2%	2,6%	8,1%	1,6%

Í þúsundum króna á fbúa:

Rekstur:

Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	805	716	802	710
Aðrar tekjur.....	216	166	579	338
Rekstrartekjur samtals.....	1.021	881	1.381	1.048
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar.....	948	858	1.267	1.034
Rekstrarniðurstaða ársins	73	23	114	14

Efnahagur:	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2017	Árið 2016	Árið 2017	Árið 2016
Eignir.....	1.445	1.380	2.590	2.587
Eigið fé.....	47	(139)	429	228
Skuldir og skuldbindingar.....	1.398	1.519	2.161	2.359

Aðrar lykiltölur:

Veltufjárlutfall.....	1,27	0,85	1,46	1,89
Eiginfjárlutfall.....	3%	-10%	17%	9%
Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum.....	137%	155%	157%	178%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf.....	106%	128%	127%	136%

Skýringar

18. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Breyting á íbúafjölda

	2017	2016
Íbúafjöldi í árslok.....	3.234	3.000

Tekjur	2017	Hlutfall af heildartekjum	2016	Hlutfall af heildartekjum	2015	Hlutfall af heildartekjum
Útsvör.....	1.697.322	38,0%	1.447.804	36,5%	1.200.779	35,1%
Fasteignaskattur.....	230.621	5,2%	212.342	5,4%	192.355	5,6%
Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarf.....	664.327	14,9%	639.246	16,1%	548.112	16,0%
Skatttekjur.....	2.592.270	58,0%	2.299.393	58,0%	1.941.246	56,7%
Aðrar tekjur.....	1.873.473	42,0%	1.667.482	42,0%	1.479.480	43,3%
Heildartekjur samtals.....	4.465.744	100,0%	3.966.874	100,0%	3.420.726	100,0%

Gjöld

Launaliðir.....	2.356.323	52,8%	2.168.070	54,7%	2.073.597	60,6%
Annar rekstrarkostnaður.....	1.298.175	29,1%	1.260.149	31,8%	1.161.184	33,9%
Afskriftir.....	257.520	5,8%	230.157	5,8%	249.352	7,3%
Fjármagnsliðir, nettó.....	170.949	3,8%	(5.970)	-0,2%	92.170	2,7%
Hlutdeild minnihluta.....	7.590	0,2%	(5.294)	-0,1%	(25.238)	-0,7%
Skattar.....	14.202	0,3%	37.891	1,0%	23.270	0,7%
	4.104.759	91,9%	3.685.003	92,9%	3.574.335	104,5%
Rekstrarniðurstaða.....	360.985	8,1%	281.871	7,1%	(153.608)	-4,5%

Í þúsundum króna á íbúa

Íbúafjöldi.....	3.234	3.000	2.825
Heildartekjur.....	1.381	1.322	1.211
Skatttekjur á íbúa.....	802	766	687
Launaliðir.....	729	723	734
Annar kostnaður og afskriftir.....	481	497	499
Fjármagnsliðir, nettó.....	53	(2)	33

Skýringar

19. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sem birt er í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins er samkvæmt upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Upphafleg fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins. Ekki var gerður formlegur viðauki vegna ársins 2017.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	1.786.208	0	1.786.208	1.767.027	0	1.767.027
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	528.722	0	528.722	528.722	0	528.722
Aðrar tekjur.....	535.519	0	535.519	1.092.082	0	1.092.082
	<u>2.850.449</u>	<u>0</u>	<u>2.850.449</u>	<u>3.387.831</u>	<u>0</u>	<u>3.387.831</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	1.769.926	0	1.769.926	1.845.547	0	1.845.547
Annar rekstrarkostnaður.....	880.710	0	880.710	1.028.536	0	1.028.536
Afskriftir.....	76.832	0	76.832	280.358	0	280.358
	<u>2.727.468</u>	<u>0</u>	<u>2.727.468</u>	<u>3.154.441</u>	<u>0</u>	<u>3.154.441</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....	122.981	0	122.981	233.390	0	233.390
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld						
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(48.783)	0	(48.783)	(158.171)	0	(158.171)
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	9.000	0	9.000
Tekjuskattur.....	0	0	0	(30.009)	0	(30.009)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>74.198</u>	<u>0</u>	<u>74.198</u>	<u>54.210</u>	<u>0</u>	<u>54.210</u>

20. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings og önnur mál

Norðurþing er í ábyrgð fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Heildar áfallnar skuldbindingar sjóðsins umfram eignir námu um 2.581 milljón króna í árslok 2017 samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt.

20. Ábyrgðir og önnur mál (framhald)

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð

Þann 19. september 2016 var gert samkomulag milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggt með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða þessu samkomulagi gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður með fyrirvara um að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 um ársreikninga sveitarfélaga þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í byrjun árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Norðurbings samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu Brúar þann 31. maí 2017.

Í heild nam uppgörið við Brú 365,7 milljónum króna og var það fjármagnað með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga og greitt í febrúar 2018. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð og er skipting þess eftirfarandi:

- Framlag í jafnvægisjóð nemur 103,0 milljónum króna og er því ætlað að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi. Framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017 og á móti sem skuld meðal skammtímaskulda í árslok eins og nánar er gerð grein fyrir í skýringu nr. 13 um lífeyrisskuldbindingar.

- Framlag í lífeyrisaukasjóð nemur 237,2 milljónum króna og er því ætlað að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka. Framlagið verður eignfært í reikningsskilum sveitarfélagsins á árinu 2018 og gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- Framlag í varúðarsjóð nemur 25,5 milljónum króna og er því ætlað að styðja við lífeyrisaukasjóð. Framlagið verður eignfært í reikningsskilum sveitarfélagsins á árinu 2018 og gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Í ársreikningi 2017 eru gjaldfærðar 10,6 milljónir króna meðal launa og launatengdra gjalda vegna þess hluta framlags í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð sem tilheyrir árinu 2017 og á móti er færð sambærileg skuld meðal skammtímaskulda.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings nr. 170 frá 11. febrúar 2016. Sveitarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Norðurþing hefur gefið út skuldabréf sem skráð eru í kauphöll og hlítir því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem Kauphöll Íslands gefur út.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um bókhald og ársreikninga sem og settar reikningsskilareglur hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum, ráðum og stjórnun á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnun.

Í 2. tölulið 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem sveitarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er sveitarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í sveitarstjórn eru nú 9 fulltrúar, 6 karlar og 3 konur, með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér siðareglur, dagsettar 21. apríl 2015, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnunum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi siðareglur dagsettar 21. apríl 2015 sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og/eða starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.